# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

# 1. janúar - 30. september 2025

# í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur ........ 4

Yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025, 295 millj. evrur (1. janúar til 30. september 2024, 284 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 40 millj. evrur samanborið við 24 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 505 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

### Rekstur á þriðja ársfjórðungi

Afli bolfiskskipa félagsins var 12 þúsund tonn á þriðja ársfjórðungi en var 14 þúsund tonn árið áður, en bolfiskskipum fækkaði um eitt milli tímabila. Í fyrsta skipti í mörg ár fór frystitogari til makrílveiða, en Þerney var við þær veiðar í sumar og gengu þær vel. Afli Þerneyjar nam um 3.500 tonn af makríl. Frystitogarinn Sólborg var stopp í ágúst vegna viðhaldsverkefna. Landvinnslan gekk vel á tímabilinu og voru afurðaverð góð. Afurðaverð á sjófrystum þorsk- og ýsuafurðum eru áfram góð en stöðug á öðrum sjófrystum afurðum.

Uppsjávarskip félagsins hófu makrílveiðar um miðjan júní og stunduðu þær veiðar yfir sumarið og lauk vertíðinni í lok ágúst. Makrílafli uppsjávarskipa á ársfjórðungnum nam 18.600 tonnum og gekk vinnsla aflans í uppsjávarfrystihúsinu á Vopnafirði vel. Markaðir fyrir makrílafurðir voru sterkir og verð á afurðum hátt.

Í lok ágúst hófu uppsjávarskipin veiðar á kolmunna og í kjölfarið veiðar á norsk-íslenskri síld. Heildarafli kolmunna á ársfjórðungnum nam 10.300 tonnum, en síldaraflinn nam 10.700 tonnum, þar af voru 3.100 tonn af Íslandssíld.

Markaðir fyrir mjöl og lýsi styrktust lítillega á tímabilinu og sala á frystum síldarafurðum fór vel af stað á sambærilegu verði og á árinu 2024.

Þann 23. september var tilkynnt um kauptilboð félagsins í allt hlutafé Lýsis hf. Kaupverðið nemur 24,7 milljörðum króna eða 173 milljónum evra miðað við gengi þegar samkomulagið var tilkynnt. Lýsi er framleiðslufyrirtæki og framleiðir lýsi og fleiri afurðir úr sjávarafla. Með kaupunum sér Brim samlegðar og sóknarfæri hvað varðar hráefnisöflun Lýsis hf. auk þess sem Brim hefur þá stefnu að færa sig lengra í virðiskeðju sjávarafurða. Kaupin eru háð samþykki stjórna félaganna, hluthafafundar kaupanda og samþykki Samkeppniseftirlitsins.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2025 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hefur í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. nóvember 2025.

Stjórn félagsins:

Kristján Þ. Davíðsson

Anna G. Sverrisdóttir

Hjálmar Kristjánsson

Kristrún Heimisdóttir

Magnús Gústafsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2025

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2025 1.7.-30.9. | 2024 1.7.-30.9. | Þrír ársfjórðungar 2025 1.1.-30.9. | 2024 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | | 111.404 | 109.968 | 295.205 | 284.149 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 70.698) | ( 83.992) | ( 227.736) | ( 236.655) |
| **Vergur hagnaður** | | 40.706 | 25.976 | 67.469 | 47.494 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 3.369 | 0 | 3.375 |
| Útflutningskostnaður | | ( 1.187) | ( 2.148) | ( 4.609) | ( 5.679) |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | ( 2.875) | ( 2.949) | ( 9.421) | ( 9.114) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 36.644 | 24.248 | 53.439 | 36.076 |
| Fjáreignatekjur | | 406 | 578 | 1.264 | 2.167 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 4.247) | ( 6.255) | ( 13.900) | ( 17.210) |
| Gengismunur | | ( 53) | ( 47) | ( 2.894) | 895 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 3.894) | ( 5.724) | ( 15.530) | ( 14.148) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 3.266 | 3.323 | 10.511 | 6.289 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 36.016 | 21.847 | 48.420 | 28.217 |
| Tekjuskattur | | ( 7.107) | ( 2.869) | ( 8.726) | ( 3.739) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 28.909 | 18.978 | 39.694 | 24.478 |
| **EBITDA** | | 41.574 | 26.033 | 68.588 | 47.050 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (ISK) | | 0,015 | 0,0099 | 0,0206 | 0,0127 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. september 2025

| | Þriðji ársfjórðungur | | Þrír ársfjórðungar | |
|---|---|---|---|---|
| | **2025** | **2024** | **2025** | **2024** |
| | **1.7.-30.9.** | **1.7.-30.9.** | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** |
| **Hagnaður tímabilsins**............................................... | 28.909 | 18.978 | 39.694 | 24.478 |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé:** | | | | |
| **Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum ........... | ( 917) | ( 446) | ( 5.167) | ( 1.989) |
| Áhættuvarnir vegna langtímaskulda ......................... | 77 | ( 1.409) | 1.135 | ( 748) |
| **Liðir sem síðar munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta ................................ | 179 | ( 614) | 6 | ( 1.412) |
| **Heildarafkoma tímabilsins**................................... | 28.248 | 16.509 | 35.668 | 20.329 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. september 2025

| | Skýr. | 30.9.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 241.216 | 246.062 |
| Óefnislegar eignir | | 401.178 | 401.885 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 143.117 | 150.766 |
| Langtímakröfur á tengda aðila | | 6.561 | 6.567 |
| Aðrar fjárfestingar | | 17.341 | 15.688 |
| Fastafjármunir | | 809.413 | 820.968 |
| Birgðir | 7 | 81.520 | 65.327 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 34.720 | 31.740 |
| Kröfur á tengda aðila | | 32.970 | 25.803 |
| Handbært fé | | 24.032 | 52.135 |
| Veltufjármunir | | 173.242 | 175.005 |
| **Eignir samtals** | | 982.655 | 995.973 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 20.083 | 20.083 |
| Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutafjár | | 61.686 | 61.686 |
| Þýðingarmunur | | ( 7.888) | ( 2.721) |
| Annað bundið eigið fé | | 86.937 | 74.421 |
| Óráðstafað eigið fé | | 344.001 | 335.450 |
| Eigið fé samtals | | 504.819 | 488.919 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 318.190 | 325.564 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 71.366 | 72.538 |
| Langtímaskuldir | | 389.556 | 398.102 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 49.006 | 76.035 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 27.600 | 23.614 |
| Skuldir við tengda aðila | | 1.824 | 1.681 |
| Skattar til greiðslu | | 9.850 | 7.622 |
| Skammtímaskuldir | | 88.280 | 108.952 |
| Skuldir samtals | | 477.836 | 507.054 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 982.655 | 995.973 |

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2025

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður og yfirverðs- reikningur | Þýðingar- munur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2024** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2024 | 20.083 | 61.686 | ( 4.158) | 65.688 | 329.509 | 472.808 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 24.478 | 24.478 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | ( 1.989) | | | ( 1.989) |
| Matsbreyting skráðra eignarhluta | | | | ( 1.412) | | ( 1.412) |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | ( 748) | | ( 748) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | ( 1.989) | ( 2.160) | 24.478 | 20.329 |
| Greiddur arður 2,0 kr. á hlut | | | | | ( 25.621) | ( 25.621) |
| Millifært á bundið eigið fé | | | | 7.356 | ( 7.356) | |
| Eigið fé 30.9.2024 | 20.083 | 61.686 | ( 6.147) | 70.884 | 321.010 | 467.516 |
| **1. janúar til 30. september 2025** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2025 | 20.083 | 61.686 | ( 2.721) | 74.421 | 335.450 | 488.919 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 39.694 | 39.694 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | ( 5.167) | | | ( 5.167) |
| Matsbreyting skráðra eignarhluta | | | | 6 | | 6 |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | 1.135 | | 1.135 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | ( 5.167) | 1.141 | 39.694 | 35.668 |
| Greiddur arður, 1,5 kr. á hlut | | | | | ( 19.768) | ( 19.768) |
| Millifært á bundið eigið fé | | | | 11.375 | ( 11.375) | |
| Eigið fé 30.9.2025 | 20.083 | 61.686 | ( 7.888) | 86.937 | 344.001 | 504.819 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2025

| | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 53.439 | 36.076 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | 23 | ( 3.375) |
| Afskriftir | 15.126 | 14.345 |
| | 68.588 | 47.046 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | ( 29.976) | ( 11.700) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | 8.546 | 12.790 |
| | ( 21.430) | 1.090 |
| Innheimtar vaxtatekjur | 536 | 2.043 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 13.939) | ( 17.041) |
| Greiddir skattar | ( 10.817) | ( 10.740) |
| Handbært fé frá rekstri | 22.938 | 22.398 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 10.281) | ( 61.883) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 111 | 5.890 |
| Innborganir lánveitinga til tengdra aðila | 0 | 5.800 |
| Arður af eignarhlutum | 16.300 | 3.053 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildar- og öðrum félögum | ( 2.478) | ( 3.788) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 3.652 | ( 50.928) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Greiddur arður | ( 19.768) | ( 25.621) |
| Skammtímalán | 6.466 | 4.749 |
| Ný langtímalán | 0 | 48.000 |
| Afborganir langtímalána | ( 39.578) | ( 9.399) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 52.880) | 17.729 |
| **Lækkun á handbæru fé** | ( 26.290) | ( 10.801) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | ( 1.813) | ( 95) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 52.135 | 34.178 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 24.032 | 23.282 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Brim hf. "Félagið" er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út níu fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024.

Stjórn og forstjóri félagsins staðfestu árshlutareikninginn 20. nóvember 2025.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.brim.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfsþættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjávarsvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfsþætti samstæðunnar.

# Skýringar, frh.:

**Starfsþættir 1.1.-30.9.2025**

| | Botnfisk-svið | Uppsjávar-svið | Sölufélög í Asíu | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 143.652 | 71.133 | 93.439 | 11.699 | (24.718) | 295.205 |
| Kostnaðarverð | (109.054) | (41.022) | (91.422) | (10.956) | 24.718 | (227.736) |
| Vergur hagnaður | 34.598 | 30.111 | 2.017 | 743 | 0 | 67.469 |
| Útflutningskostnaður | (2.837) | (1.258) | | (514) | | (4.609) |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.662) | (3.573) | (754) | (1.432) | | (9.421) |
| **Rekstrarhagnaður** | 28.099 | 25.280 | 1.263 | (1.203) | 0 | 53.439 |
| Fjármagnsliðir | | | | | | (15.530) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | | 10.511 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | 48.420 |
| Tekjuskattur | | | | | | (8.726) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | | 39.694 |

**Starfsþættir 1.1.-30.9.2024**

| | Botnfisk-svið | Uppsjávar-svið | Sölufélög í Asíu | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 130.539 | 69.267 | 92.245 | 14.007 | (21.909) | 284.149 |
| Kostnaðarverð | (106.536) | (49.915) | (90.671) | (11.442) | 21.909 | (236.655) |
| Vergur hagnaður | 24.003 | 19.352 | 1.574 | 2.565 | 0 | 47.494 |
| Aðrar rekstrartekjur | 3.375 | | | | | 3.375 |
| Útflutningskostnaður | (3.150) | (1.692) | | (837) | | (5.679) |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.754) | (3.610) | (787) | (963) | | (9.114) |
| **Rekstrarhagnaður** | 20.474 | 14.050 | 787 | 765 | 0 | 36.076 |
| Fjármagnsliðir | | | | | | (14.148) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | | 6.289 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | | 28.217 |
| Tekjuskattur | | | | | | (3.739) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | | 24.478 |

## 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2025 1.1.-30.9. | 2024 1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 3.370 | 3.373 |
| Annar stjórnunarkostnaður | 5.737 | 5.407 |
| Markaðskostnaður | 314 | 334 |
| | 9.421 | 9.114 |

## 7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 30.9.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Afurðabirgðir | 74.546 | 57.762 |
| Rekstrarvörubirgðir | 6.974 | 7.565 |
| | 81.520 | 65.327 |

## 8. Önnur mál

Þann 23. september var tilkynnt um kauptilboð félagsins í allt hlutafé Lýsis hf. Kaupverðið nemur 24,7 milljörðum króna eða 173 milljónum evra miðað við gengi þegar samkomulagið var tilkynnt. Lýsi er framleiðslufyrirtæki og framleiðir lýsi og fleiri afurðir úr sjávarafla. Með kaupunum sér Brim samlegðar og sóknarfæri hvað varðar hráefnisöflun Lýsis hf. auk þess sem Brim hefur þá stefnu að færa sig lengra í virðiskeðju sjávarafurða. Kaupin eru háð samþykki stjórna félaganna, hluthafafundar kaupanda og samþykki Samkeppniseftirlitsins.

## 9. Kennitölur

| Helstu kennitölur samstæðunnar: | **30.9.2025** | **31.12.2024** |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .................................................... | 1,96 | 1,61 |
| Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir ......................................... | 1,04 | 1,01 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .................................................................. | 0,51 | 0,49 |

# Ársfjórðungsyfirlit

| | 3F 2025 | 2F 2025 | 1 F 2025 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 111.404 | 82.431 | 101.370 | 295.205 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 70.698) | ( 70.911) | ( 86.127) | ( 227.736) |
| **Vergur hagnaður** | 40.706 | 11.520 | 15.243 | 67.469 |
| Útflutningskostnaður | ( 1.187) | ( 1.336) | ( 2.086) | ( 4.609) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 2.875) | ( 3.497) | ( 3.049) | ( 9.421) |
| **Rekstrarhagnaður** | 36.644 | 6.687 | 10.108 | 53.439 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | ( 3.894) | ( 6.029) | ( 5.607) | ( 15.530) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 3.266 | 3.003 | 4.242 | 10.511 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 36.016 | 3.661 | 8.743 | 48.420 |
| Tekjuskattur | ( 7.107) | ( 446) | ( 1.173) | ( 8.726) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 28.909 | 3.215 | 7.570 | 39.694 |
| | | | | |
| EBITDA | 41.574 | 12.074 | 14.940 | 68.588 |

| | 4 F 2024 | 3 F 2024 | 2 F 2024 | 1 F 2024 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 105.216 | 109.968 | 79.726 | 94.455 | 389.365 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 87.053) | ( 83.992) | ( 70.346) | ( 82.317) | ( 323.708) |
| **Vergur hagnaður** | 18.163 | 25.976 | 9.380 | 12.138 | 65.657 |
| Aðrar rekstrartekjur | 25 | 3.369 | 6 | 0 | 3.400 |
| Útflutningskostnaður | ( 1.755) | ( 2.148) | ( 1.739) | ( 1.792) | ( 7.434) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 3.268) | ( 2.949) | ( 3.335) | ( 2.830) | ( 12.382) |
| **Rekstrarhagnaður** | 13.165 | 24.248 | 4.312 | 7.516 | 49.241 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | ( 3.435) | ( 5.724) | ( 4.147) | ( 4.277) | ( 17.583) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 8.163 | 3.323 | 1.015 | 1.951 | 14.452 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 17.893 | 21.847 | 1.180 | 5.190 | 46.110 |
| Tekjuskattur | ( 1.856) | ( 2.869) | ( 186) | ( 684) | ( 5.595) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 16.037 | 18.978 | 994 | 4.506 | 40.515 |
| | | | | | |
| EBITDA | 18.254 | 26.033 | 8.970 | 12.047 | 65.304 |

Ársfjórðungayfirlit hafa hvorki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.